

**Ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands nr. 5/2006  
um gildistöku reglna um flugþjálfna, JAR-STD 1A-4A og 1H-3H.**

Flugmálastjórn Íslands hefur ákveðið að frá og með 1. nóvember 2006 skulu taka gildi eftirtaldar reglur Flugöryggissamtaka Evrópu um flugþjálfna (JAR-STD (*Synthetic Training Device*)):

1. JAR-STD 1A: Flughermar flugvéla (*Aeroplane Flight Simulators, Amendment 3*), breyting 3, útg. 1. júlí 2003.
2. JAR-STD 2A: Flugþjálfar flugvéla (*Aeroplane Flight Training Devices, 1<sup>st</sup> issue*), 1. útg., dags. 1. júlí 1999.
3. JAR-STD 3A: Flug- og flugleiðsögupþjálfar (*Flight and Navigation Procedures Trainers, Change 1*), 1. breyting, útg. 1. júní 1999.
4. JAR-STD 4A: Grunnblindflugþjálfunartæki (*Basic Instrument Training Devices, 1<sup>st</sup> issue*), 1. útg., dags. 1. maí 2002.
5. JAR-STD 1H: Flughermar þyrta (*Helicopter Flight Simulators, 1<sup>st</sup> issue*) 1. útg. dags. 1. apríl 2001.
6. JAR-STD 2H: Flugþjálfar þyrta (*Helicopter Flight Training Devices, 1<sup>st</sup> issue*), 1. útg. dags. 1. sept. 2003.
7. JAR-STD 3H: Flug- og flugleiðsögupþjálfar þyrta (*Helicopter Flight & Navigation Procedures Trainers, 1<sup>st</sup> issue*) 1. útg. dags. 1. maí 2002.

Leita þarf samþykkis Flugmálastjórnar til notkunar flugþjálfna (flugherma og flugþjálfunartækja) sem koma eiga í stað flugvélar og eða þyrta til kennslu og þjálfunar í samræmi við ákvæði reglugerðar um skírteini útgefin af Flugmálastjórn Íslands og reglugerðar um flutningaflug. Þeir aðilar sem kenna og þjálfna eða prófa færni í flugþjálfna skulu hafa hlotið viðurkenningu Flugmálastjórnar til þess.

Með vísan til IX. kafla og 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir með síðari breytingum og reglugerðar um flugmálahandbók útgefna af Flugmálastjórn Íslands nr. 326/2000 verður ákvörðun þessi birt í flugmálahandbók Flugmálastjórnar Íslands, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands).

*Reykjavík, 25. október 2006.*

**Þorgeir Pálsson**  
flugmálastjóri